



REGLUGERÐ FYRIR DEILDIR AFTURELDINGAR.

1. GREIN.

Aðalfundir deilda, fundartími, atkvæðisréttur og boðun.

Aðalfundir deilda félagsins skulu haldnir fyrir 15.mars ár hvert.

Allir skuldlausir félagsmenn deilda hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundum deilda. Til aðalfunda deilda skal boðað með 10 daga fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Framboð til stjórnarstarfa skulu berast eigi síðar en sjö dögum fyrir fund og skal skila framboðum á skrifstofu félagsins. Aðalfundur deildar er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

2. GREIN.

Dagskrá aðalfunda deilda.

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin og borin undir atkvæði.
4. Formaður deildar gerir grein fyrir starfssemi deildarinnar á liðnu starfsári.
5. Gjaldkeri deildar leggur fram til samþykktar og gerir grein fyrir reikningum deildarinnar, sem staðfestir hafa verið af kjörnum skoðunarmanni og gjaldkera aðalstjórnar.
6. Fjárhagsáætlun deildarinnar lögð fram til samþykktar.
7. Kosningar:
 - a) Kosinn formaður og varaformaður.
 - b) Kosinn helmingur meðstjórnenda til tveggja ára í senn.
8. Önnur mál.
9. Fundarslit.

3. GREIN.

Atkvæðagreiðslur á aðalfundum deilda.

Á aðalfundum deilda ræður meirihluti úrslitum mála. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

4. GREIN.

Vanræksla á að halda aðalfund deilda.

Vanræki deild að halda aðalfund á lögboðnum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og aðstoða við framkvæmd hans.

5.GREIN.

Stjórnir deilda.

Stjórnir deilda skulu skipaðar 3-7 stjórnarmönnum. Stjórnir deilda skipta með sér verkum. Ávallt skulu vera formaður, ritari og gjaldkeri í stjórnnum deilda. Formenn deilda, skulu ekki sitja samhliða í ráðum, innan sömu deildar, s.s. barna og unglíngaráðum, eða meistaraflokksráðum.

6.GREIN.

Fjárhagslegar skuldbindingar.

Stjórnir deilda skulu gera starfs-og fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir aðalstjórn til samþykktar fyrir 15. nóvember ár hvert. Auk þess ber stjórnnum deilda að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar. Með meiri háttar skuldbindingum er átt við þær, sem eru umfram 200.000 krónur.

Þeir félagsmenn (fulltrúar deilda) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart félaginu, sbr. grein 16. í lögum félagsins. Skriflegir samningar skulu liggja fyrir í öllum stærri fjáröflunum deilda, og skulu þeir lagðir fyrir framkvæmdastjóra félagsins til skoðunar og samþykktar.

7.GREIN.

Rekstrarform deilda.

Rekstur barna- og unglíngaráða skal vera fjárhags- og bókhaldslega aðskilin frá rekstri meistaraflokka og skulu barna- og unglíngaráð skipuð sérstakri stjórn, sem fer með málefni og rekstur ráðanna. (sjá, Leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar grein 1.1. Aðskilnaður fjárreiðu yngri og eldri iðkenda). Rekstur meistaraflokka karla og kvenna, skulu einnig aðskildir.

Reglugerð þessi var samþykkt á formannafundi 1. júní 2016.

Aðalstjórn Aftureldingar.